

Fréttabréf BR

Hér fyrir neðan birtist ávarp formanns félagsins, Gylfa Baldurssonar:

Góðir félagar.

Þessu fréttabréfi okkar er ætlað það hlutverk að vera bæði málgagn og fréttabréf fyrir félagi í Bridgefélagi Reykjavíkur. En hverjir eru svo þessir félagar? Eins og mörgum er kunnugt var ákveðið á síðasta aðalfundi félagsins að leggja félagsgjöld niður. Ástæðan var sú að innheimta félagsgjalda hefur alltaf verið heldur þunglamaleg og því kostnaðarsöm. Þar að auki hefur töluvert verið um vanskil, jafnframt því sem margir þeir sem spila reglulega hjá B.R. hafa greitt félagsgjaldið umyrðalaust þótt þeir, samkvæmt bókum Bridgesambandsins, væru skráðir hjá öðrum félögum. Þetta nær auðvitað ekki nokkurri átt.

Við greiðum ekki úr þessari óreiðu öðruvísi en með sameiginlegu átaki Bridgesambandsins og allra starfandi bridgefélaga á landinu. Því miður er gagnabanki Bridgesambandsins langt frá því að vera marktækur hvað varðar þessi mál, en samkvæmt bókum þar á bæ eru fjölmargir spilarar ýmist skráðir í félög sem þeir hafa ekki komið nálægt svo árum skiptir eða í félög sem fyrir löngu eru búin að leggja upp laupana. Þessi della kemur hvað hallærislegast í ljós þegar útdeila þarf kvóta í kjördæmamótið.

Þurfum við ekki að fara að gera hreint?

G.B.

➤ Úrslit móta

Spilamennskan hófst hjá BR þriðjudagskvöldið 13. september með tveggja kvölda haustvímennungi.

24 pör mættu til leiks og með góðum endaspretti hjá tvímenningsrefunum Helga Jónssyni og Helga Sigurðssyni náðu þeir að skjótast í efsta sætið.

1. 56,8% Sverrir Þórisson – Björn Friðrikss. /Helgi Sig og Helgi Jóns
2. 55,2% Páll Þórsson - Kjartan Ásmundsson
3. 54,8% Hlynur Garðarsson - Helgi Bogason
4. 54,2% Gísli Steingrímsson - Sveinn R. Þorvaldsson
5. 53,7% Rúnar Einarsson - Guðjón Sigurjónsson
6. 53,6% Geirlaug Magnúsdóttir - Torfi Axelsson

Næsta keppni félagsins var þriggja kvölda bötler tvímenningur með sveitakeppnisútreikningi. 42 pör tóku þátt í þessu skemmtilega móti og ljóst er að þetta keppnisfyrirkomulag er vinsælla en venjulegur tvímenningur. Hróðmar og Bernódus leiddu mótið fyrstu tvö kvöldin en gáfu aðeins eftir síðasta kvöldið, 11.október.

Lokastaðan:

1. 144 Sveinn R. Þorvaldsson - Gísli Steingrímsson
2. 114 Björn Friðriksson - Sverrir Þórisson
3. 114 Hróðmar Sigurbjörnsson - Bernódus Kristinsson
4. 91 Helgi Sigurðsson - Helgi Jónsson
5. 76 Jón Baldursson - Þorlákur Jónsson
6. 66 Sverrir Kristinsson - Hermann Friðriksson



Efstu pör í bötler tvímennungi BR ásamt Gabríel Gíslasyni sem var mjög stoltur af þabba sínum.



Sveinn R. Þorvaldsson og Gísli Steingrímsson spila hér við Sverri Kristinsson og Hermann Friðriksson í síðustu umferð og fjölmargir fylgjast með snilldinni.

18., 25. október og 1. nóvember var spiluð Swiss sveitakeppni þar sem spilaðir voru 4 stuttir leikir á kvöldi. Spilaður var svokallaður danskur monrad þar sem raðað er í hverja umferð eftir stöðunni í mótinu og sveitir gátu lent saman oftast en einu sinni, ólíkt venjulegum monrad. 18 sveitir mættu til leiks og voru tvær sveitir í sérflokki fyrstu 2 kvöldin. Reyndar mættust þessar sveitir í öllum fjórum leikjunum síðasta kvöldið!!

Fyrir síðustu umferð var Vinabær aðeins einu stigi fyrir ofan Ferðaskrifstofu Vesturlands en svo fór að öll 7 spilin féllu nema Ferðaskrifstofan vann 6 impa í einu spili sem dugði í 5-3 sigur og stærstu ostakörfurnar!

Efstu sveitir:

1. 64 Ferðaskrifstofa Vesturlands
2. 63 Vinabær
3. 60 Guðmundur Baldursson
4. 58 Garðar & Vélar
5. 55 Hermann Friðriksson
6. 55 Grant Thornton



**Ferðaskrifstofa Vesturlands: Magnús Magnússon, Anton Haraldsson, Sigurbjörn Haraldsson og Ljósbrá Baldursdóttir.
Einnig spiluðu í sveitinni Matthías Þorvaldsson og Sævar Þorbjörnsson.**



**Vinabær: Páll Valdimarsson, Þróstur Ingimarsson, Ragnar Magnússon og Hermann Lárusson.
Einnig spiluðu í sveitinni Sigtryggur Sigurðsson og Runólfur Pálsson.**

➤ Dagskráin fram að áramótum

HRAÐSVEITAKEPPNI AÐ BYRJA Á ÞRIÐJUDAGINN!!

Spilastaður að venju er að Síðumúla 37, 3. hæð og spilamennska hefst jafnan klukkan 19:30. Tekið er við skráningu í keppnir allt að klukku tíma fyrir spilamennsku á netfangið keppnisstjori@bridgefelag.is

Á vegum félagsins er að venju spilað öll föstudagskvöld í vetur en þar hefst spilamennskan klukkan 19:00. Á þriðjudagskvöldum verða keppnir sem taka tvö eða þrjú kvöld og dagskráin fram að áramótum er þannig:

Dagana 8., 15. og 22. nóvember er spiluð hraðsveita-keppni, skipt í riðla eftir árangri.

29. nóvember, 6. og 13. desember er hinn vinsæli Cavendish tvímenningur á dagskrá. Skiptingar eftir annaðhvort barómeter eða monrad formi, háð fjölda para sem skráir sig í þessa fjörlegu keppni.

20. desember verður haldinn jólasveinatvímenningur

Á milli jóla og nýárs verður að venju spilað minningarmót Harðar Þórðarsonar, jólamót BR og SPRON.

Keppnisstjóri er Björgvin Már Kristinsson. Félagsmenn geta fylgst með úrslitum og frammistöðu sinni á vefsíðu félagsins, www.bridgefelag.is sem keppnisstjóri útfyllir strax að loknu hverju kvöldi.

Félagsmenn eru hvattir til að senda inn ábendingar og athugasemdir til stjórnar Bridgefélags Reykjavíkur á netfangið stjorn@bridgefelag.is Einnig að senda inn upplýsingar um áhugaverð spil eða hvað sem er.



Úrslitaspilið í Swiss sveitakeppninni

Suður gefur ♠1072
Enginn á
hættu ♦K8
♣AD1064

♠D864
♥62
♦762
♣7532

N
V A
S

♠AG953
♥AG98
♦A43
♣G

♠K
♥KD105
♦DG1095
♣K98

Vestur	Norður	Austur	Suður
Pröstur	Maggi	Hemmi	Ljósbrá
			1♦
Pass	1GR	2♦	3♦
3♣	Pass	4♣///	

Svona gengu sagnir á öðru borðinu en á hinu borðinu stoppuðu Bessi og Toni í spaðabút og fengu 9 slagi, 140.

Hemmi var að vona eftir sagnir að makker væri stuttur í tígli en tígulfittið hjá NS var bara 7 spila fitt svo 4♣ voru vonlausir og fóru 2 niður, 100.

Í sjálfu sér ekki merkilegt spil en ef það hefði fallið þá fer leikurinn 0-0 í impum og Vinabær hrópar BINGÓ !!

Alslemma í bötlertvímennungi

Vestur gefur ♠K82
NS á hættu ♥AKD8753
♦9
♣A6

♠D754
♥G2
♦K10652
♣103

N
V A
S

♠G6
♥64
♦G874
♣87542

♠A1093
♥109
♦AD3
♣KDG9

Hér myndu margir halda sem horfa á andstæðingana melda sig upp í alslemmu og taka 14 slagi að það gæfi nánast meðalskor. En ekki aldeilis! 7♥ gáfu 10 impa! Aðeins 11 pör af 21 náðu alslemmu! Hálslemma var spiluð á 7 borðum og geim á 2 borðum.

Eru menn almennt ekki að opna á 2♣ á svona spil? Það ætti líka að vera í lagi að opna á 1♥ og stökkva í 4♥ við 1♠. Á einhverjum tímamarki mun svo annar hvor spyrja um ása og reyna við alslemmu þegar öll lykilsþil og trompdrottning eru til staðar. Eflaust hafa einhverjir stokkið í 6♥ á einhverjum tímamarki í meldingum? Þurfa menn að fara að rifja upp framhald eftir RKCB? ☺

➤ Bronsstígaþeppnin

Stórn BSÍ hefur ákveðið að leggja meiri áherslu á bronsstígaþeppni vetrarins og tók þá ákvörðun að efna til 16 manna einmenningsþeppni í lok vetrar þar sem 16 stígaþeppu félagar BR (á þriðjudags- og föstudagskvöldum samanlagt) hafa þátttökurétt. Veitt verða vegleg peningaverðlaun í þessari einmenningsþeppni. Nýti félagar sér ekki rétt sinn til þátttöku, færast rétturinn niður listann. Hér fyrir neðan er birtur listi yfir 32 stígaþeppu spilarana eins og staðan er 4. nóvember. Einnig er birtur listi yfir 10 efstu konurnar en stígaþeppu konurnar munu fá verðlaun í lok árs.

1	Steinberg Ríkarðsson	124	1	Ljósbrá Baldursdóttir	60
2	Guðjón Sigurjónsson	116	2	Hjördís Sigurjónsdóttir	59
3	Guðmundur Baldursson	105	3	Ragnheiður Nielsen	59
4	Rúnar Einarsson	101	4	Anna Ívarsdóttir	36
5	Hermann Friðriksson	88	5	Guðrún Óskarsdóttir	36
6	Gísli Steingrímsson	87	6	Erla Sigurjónsdóttir	28
7	Bernódus Kristinsson	84	7	Hrafnhildur Skúladóttir	24
8	Hróðmar I Sigurbjörnsson	84	8	Geirlaug Magnúsdóttir	22
9	Sverrir G. Kristinsson	75	9-11	Alda Guðnadóttir	14
10	Sveinn R. Þorvaldsson	71	9-11	Halldóra Magnúsdóttir	14
11	Björgvin Þorsteinsson	70	9-11	Harpa Fold Ingólfsdóttir	14
12	Páll Valdimarsson	70			
13	Ragnar S. Magnússon	70			
14	Þórir Sigursteinsson	70			
15	Björn Friðriksson	69			
16	Sverrir Þórisson	69			
17	Örlygur Már Örlygsson	64			
18	Gunnar Birgisson	62			
19	Ómar Olgeirsson	62			
20	Hermann Lárusson	61			
21	Páll Þórsson	61			
22	Þröstur Ingimarsson	61			
23	Ljósbrá Baldursdóttir	60			
24	Magnús Eiður Magnússon	60			
25	Matthías Þorvaldsson	60			
26	Sævar Þorbjörnsson	60			
27	Hjördís Sigurjónsdóttir	59			
28	Ragnheiður Nielsen	59			
29	Ísak Örn Sigurðsson	57			
30	Símon Símonarson	51			
31	Björn Pétursson	50			
32	Gísli Hafliðason	50			



Eins og sjá má er mikil barátta um sæti á topp 16 og veturinn rétt að byrja svo nægur tími er að skjóta sér upp listann. Athyglisvert að stígaþeppu menn síðasta árs, Jón Baldursson og Þorlákur Jónsson ná ekki(ennþá) inn á 32 manna listann. Einnig væri gaman að sjá konur ná inn á topp 16.

